

**41. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir
nordur- og austurumdæminu, um jarðaskipti.**

1865.

16. júní.

Í bænarskrá, sem hingað hefir borizt með álitsskjali yðar, herra amtmaður, dagsettu 27. janúarmán. þ. á., hefir J. A. Knudsen, umboðsmaður Þingeyra klausturs jarða, sókt um að fá jarðirnar Árbakka, Kurf og hálfan Kaldrana, en þær eru allar Þingeyra klausturs jarðir og liggja í Vindhælis hrepp í Húnavatnsýslu, í jarðaskiptum fyrir eignarjörð sína Gunnsteinsstaði með hjáleigunni Hólabæ í Bólstaðarhlíðar hrepp í sömu sýslu. Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það, að beiðandanum verður ekki veitt það sem hann hefir sókt um, og skal skýrskotað til þess, sem stjórnarráðið áður fyrri hefir sagt um, að ekki geti álitizt æskilegt nú sem stendur að hlutast til um að láta af höndum þjóðjarðirnar á Íslandi.

**42. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir
nordur- og austurumdæminu, um að kaupa ríkis-
skuldabréf fyrir ómyndugra fæ.**

16. júní.

Í bréfi því, sem í eptirriti fylgir með bréfi þessu og landfógetinn á Íslandi hefir sent hingað, hefir sýslumaðurinn í Nordurmúla sýslu, O. Smith, beðið stjórnarráðið að hlutast til um, að keypt verði óuppsegjanleg ríkisskuldabréf með 4 af hundraði í vöxtu fyrir fæ, sem verið hefir á vöxtum í jarðabókarsjóðnum, en sagt hefir verið upp til útborgunar úr sjóði þessum; er fæ þetta sumpart ómyndugra eign, sumpart eign ógiptra kvenna, er ekki eiga lengur eigur sínar undir stjórn yfirfjárráðenda.

Útaf þessu eruð þér, herra amtmaður, beðnir að leiða athygli Smiths sýslumanns að því, að þar sem nokkur hluti fjár þess, sem um er rædt, er ómyndugra eign, má ekki eptir lögum þeim, sem nú eru gildandi, ávaxta ómyndugra fæ á þann hátt, að keypt séu fyrir það óuppsegjanleg ríkisskuldabréf, því að vísu var komið fram með uppástungu, sem að þessu laut, þegar

1865.
16. júní. verið var að undirbúa opið bréf 4. júnímán. f. á., en af því að alþingi var henni mótmælt, var ekki fallizt á hana. Auk þessa skal þess getið, að stjórnarráðið, að þessu slepptu, getur ekki tekizt á hendur að kaupa ríkisskuldabréf fyrir einstaka menn.

22. júní. **43. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um arftöku eptir óskilgetinn son.**

Útaf bænarskrá, er hingað hefir borizt með bréfi yðar, herra amtmaður, dagsettu 15. febrúarmán. þ. á., frá Gísla bónda Ingimundarsyni frá Lóni, um að honum seu veittir eptirlátnir munir sonar hans óskilgetins, sem nú er dáinn, en munir þessir eru virtir 43 rdl. 48 sk., skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörði það, að beiðandanum ekki verður veitt það sem hann hefir sókt um.

24. júní. **44. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um skilning 8. greinar í verzlunarlögunum 15. aprílmán. 1854.**

Útaf umkvörtun, sem komið hefir til utanríkisstjórnarinnar frá verzlunarahúsi í Kaupmannahöfn, um að einstaka verzlunarfulltrúar Danakonungs í útlöndum hafi heimtað gjald af skipum, er verzlunarahús þetta á í förum til Íslands og Færeyja, fyrir staðfesting þá á vöruskrám og heilbrigðisskýrteinum, er fyrir er skipuð í 2. lið 8. greinar í lögunum 15. aprílmán. 1854, hefir hin heiðraða utanríkisstjórn beðið dómsmálastjórnina í bréfi dags. 23. f. m. um, að íhuga enn á ný spurningu þá, sem borin hefir verið upp á þenna hátt, og skýra sér frá áliti voru um það, hvort greiða skuli af dönskum skipum, þeim er fara úr utanríkishöfnum til Færeyja eða Íslands, gjald það er að ofan er um rædt.